

LOKAÐ MEÐ BÓKUN

Málnr.: **17-136F023**

Dags: **5. september 2017**

Staður: **Á flugi í um 3300 feta hæð vestan Langjökuls**

Lýsing: **TF-FTZ og TF-PIA rákust saman á flugi**

Flugmenn beggja flugvéla, báðir einkaflugmenn í atvinnuflugnámi, voru ásamt einum farþega hvor í einkaflugi. Höfðu flugmennirnir, sem þekktust, verið í sambandi á flugi og báðir lent flugvél sinni á flugvelli við Húsafell þar sem þeir hittust og stoppuðu í skamma stund. Á flugvelli við Húsafell ákváðu flugmennirnir að verða í samfloti í framhaldinu á leið sinni til Reykjavíkur.



Veður var gott, bjart og heiðskírt yfir Húsafelli. Lítilsháttar vindstrengur og ský voru yfir og í kringum Langjökul. Flugmenn beggja flugvéla voru með sólgleraugu.

Á flugi sínu inn til Reykjavíkur flugu flugmennirnir flugvélunum í samfloti með jökulrönd Langjökuls, í um 3300 feta hæð rétt undir skýjum, og var flugvél TF-PIA á undan. Flugmaður TF-FTZ ákvað að ná flugvél TF-PIA og jók því aflið. Náði flugmaður TF-FTZ flugvél TF-PIA og fór aðeins fram fyrir hana, á hægri hönd TF-PIA. Taldi flugmaður TF-FTZ að nokkur flugvélabíl hefðu aðskilið flugvélnar þegar hann flaug samsíða og aðeins framfyrir flugvél TF-PIA.

Um 1-2 mínútum eftir samhliða flug beygði flugvél TF-FTZ lítið eitt til vinstri með þeim afleiðingum að vinstri hlið skrokksins á henni rakst í hægri vængendann á flugvél TF-PIA. Í kjölfarið beygði flugvél TF-FTZ til hægri, frá flugvél TF-PIA, og lækkaði flugið. Flugmennirnir höfðu samband við hvor annan um talstöð og skoðuðu flugvél hvor



annars úr fjarlægð. Þeir urðu ekki varir við neinar skemmdir á loftförunum og stjórtæki og stýrifletir flugvélna störfuðu eðlilega. Því ákváðu flugmennirnir að halda áfram flugi sínu til Reykjavíkur. Eftir landingu í Reykjavík kom í ljós lítilsháttar skemmd á vængenda flugvélar TF-PIA og umtalsverð skemmd á vinstri hlið skrokks flugvélar TF-FTZ.

Við rannsókn RNSA kom í ljós að flugmaður TF-FTZ var með athyglina fram á við og til hægri, á farþega sinn, þegar flugvélin tók að halla aðeins til vinstri. Varð hann því ekki var við þegar hann nálgast flugvél TF-PIA.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa telur að flugmaður TF-FTZ hafi ekki veitt flugvél TF-PIA tilskylda athygli er hann flaug samhliða henni og því ekki viðhaldið nægum aðskilnaði.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa lokaði málinu með bókun þann 22. mars 2018.